



Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Starfshópur um endurskoðun á uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk

Efni: Endurskoðuð uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk

Forsaga:

Með erindisbréfi, dags. 28. mars 2022, skipaði Dagur B. Eggertsson borgarstjóri starfshóp um endurskoðun á uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk en samkvæmt lögum ber Reykjavíkurborg að tryggja framboð af viðeigandi húsnæði til fatlaðs fólks. Með húsnæði fyrir fatlað fólk er átt við húsnæðisúrræði í skilningi reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Þar er um að ræða íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skiptir húsnæði fyrir fatlað fólk í:

- a. **Sértækt húsnæði** fyrir fatlað fólk, sem er ætlað þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum fötlunar og þurfa umfangsmikla aðstoð og stuðning til að geta búið á eigin heimili.
- b. **Húsnæði með stuðningi**, sem er ætlað þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum fötlunar og þurfa nokkurn stuðning við að geta búið á eigin heimili.

Greinargerð:

Árið 2011 þegar Reykjavíkurborg tók við málaflokki fatlaðs fólks frá ríkinu bjuggu 219 einstaklingar í sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk. Í lok árs 2016 voru 310 íbúar í húsnæði fyrir fatlað fólk en það er ári áður en uppbyggingaráætlunin var samþykkt. Í lok árs 2021 voru 489 íbúar í húsnæði fyrir fatlað fólk, þar af 133 í húsnæði með stuðningi.

Á tímabilinu 2015 – 2016 fengu 29 fatlaðir einstaklingar úthlutað húsnæði. Eftir að uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk var samþykkt árið 2017 þá hafa 170 einstaklingar fengið úthlutað húsnæði á tímabilinu 2017 til 2021. Mesti fjöldi nýrra úthlutana á einu ári frá yfirfærslu málaflokksins árið 2011 var árið 2021 en þá var 55 einstaklingum úthlutað húsnæði fyrir fatlað fólk.

Þrátt fyrir öflugna uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk á umliðnum árum eru í apríl árið 2022 136 einstaklingar á bið eftir húsnæði við hæfi. Af þessum einstaklingum eiga 25 manns lögheimili utan Reykjavíkur. Aðstæður þessara einstaklinga eru mismunandi en allir eru þeir í þörf fyrir húsnæði og stuðning.

Niðurstaða:

Eftir endurskoðun á uppbyggingaráætluninni leggur starfshópurinn til viðbót sem nemur 11 íbúðakjörnum með 66 íbúðum og tveimur færanlegum teyjum sem myndu veita stuðning til 48 einstaklinga. Þessar tillögur koma til viðbótar við fyrirliggjandi uppbyggingaráætlun, sem gerir ráð fyrir 78 rýmum í íbúðakjarna, auk 44 rýma í sjálfstæðri búsetu og 36-60 félagslegum leiguíbúðum. Í heildina felur viðbótin í sér uppbyggingu á 114 íbúðum sem Félagsbústöðum yrði falið að útvega. Enn fremur þarf að gera ráð fyrir starfsmannaaðstöðu í hverjum kjarna og tveimur starfsstöðum fyrir færanlegu teymin. Heildarkostnaður er metinn á 2.792.668.131 kr. á verðlagi 2022.

Tafla nr. 1 Kjarnarnir skiptast eftir þjónustuflokkum

ÞJÓNUSTUFLOKKUR / ÁR	2022-2023	2024	2025	2026	SAMTALS
ÞROSKI II		1	1	1	3
ÞROSKI III	3	1	1	1	6
GEÐ III	1		1		2
SAMTALS	4	2	3	2	11

Tafla nr. 2 Færanlegu teymin munu byrja hvert fyrir sig með 6 íbúa í stökum íbúðum dreifðum um Reykjavík. Taflan sýnir hvernig teymin stækka um 12 íbúðir á hverju ári.

FÖTLUN / ÁR	2022	2023	2024	2025	SAMTALS
ÞROSKI	6	6	6	6	24
GEÐ	6	6	6	6	24
SAMTALS	12	12	12	12	48

Reykjavíkurborg ber að bjóða íbúum á herbergjasambýlum annars konar búsetu samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 sem tóku gildi 1. október 2018. Í lögnum kemur fram í bráðabirgðaákvæði nr. II „Fötludu fólk sem býr nú á stofnunum eða herbergjasambýlum skulu bjóðast aðrir búsetukostir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim í samræmi við 9. gr.“

Vegna boðs um annars konar búsetu til íbúa á þeim 8 herbergjasambýlum sem lögð hafa verið niður á grundvelli fyrirliggjandi uppbyggingaráætlunar frá 2017 leggur starfshópurinn til viðbót við uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk sem nemur 6 íbúðakjörnum með 36 íbúðum fyrir íbúa. Félagsbústöðum yrði falið að útvega íbúðirnar. Auk þess er gert ráð fyrir starfsmannaaðstöðu í kjörnunum. Heildarkostnaður til ársins 2026 er metinn á 361.852.349 kr. á verðlagi ársins 2022.

Tafla nr.3 Kjarnarnir skiptast eftir þjónustuflokkum út frá tímalínu vegna boðs um annars konar búsetu.

ÞJÓNUSTUFLOKKUR / ÁR	2023	2024	2025	2026	SAMTALS
ÞROSKI II		1	1	1	3
ÞROSKI III	1	1	1		3
SAMTALS	1	2	2	2	6

Fylgiskjöl:

Uppbyggingaráætlun sértækra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk 2018-2030

Erindisbréf starfshóps um endurskoðun á uppbyggingaráætlun á húsnæði fyrir fatlað fólk